

Íbúðarkaup

Kaup á nýju húsnæði

VIÐ KAUP Á NÝJUM FASTEIGNUM skal kynna sér vel alla samninga þ.a.l. og vert er að leita áhlits óháðs lögfræðings áður en skrifað er undir kaupsamning. Þegar kaup fara fram er 8% virðisaukaskattur (iva) reiknaður ofan á uppgefið söluverð. Allar greiðslur vegna kaupanna skulu vera bankagreiðslur svo sýnt þyki að þær hafi verið inntar af hendi. Þegar gengið hefur verið frá öllum greiðslum og/eða greiðslufyrirkomulagi og fasteignin afhent er gengið frá afsali eignarinnar. Við afsalsgerð reiknast 0,5% virðisaukaskattur til viðbótar ásamt öðrum kostnaði við afsalsgerð. Ef svæði er enn í byggingu er algengt að vatn og rafmagn sé inni á notkun byggingaraðila. Þegar því er lokið ber kaupanda að gera samning við rafmagnsveituna og vatnsveituna. Til þess þarf byggingaraðili að afhenda íbúð-arvottorð sem annars vegar kallast Cedula og hins vegar Boletin. Í sumum tilfellum sér söluaðili um gerð þessara samninga eða fenginn er lögfræðingur eða þjónustuskrifstofa til að sjá um þessi mál.

Kaup á eldra húsnæði

VIÐ KAUP Á ELDRI FASTEIGNUM eru málin gjarnan einfaldari. Þá er vitað hvað við höfum í höndunum og hvað fylgir eigninni. Í flestum tilfellum er húsnæðið selt með húsgögnum. Við kaup er oftast miðað við staðgreiðsluverð; þ.e. fullnaðargreiðsla er innt af hendi innan 6 vikna. Algengt er að greiða inn á eignina og fullnaðargreiðsla fer fram þegar skrifað er undir kaupsamning/afsal. Ef drátt-ur verður á þeirri undirskrift er ráðlegt að gera kaup- og sölusamning, þar sem verð eignar og dagsetningar greiðslna eru teknar fram. Þessi samningur er gerður af lögfræðingi. Alltaf er farið fram á að seljandi framvísi síðustu greiðslukvitt-unum vegna vatns og rafmagns, sem og vegna greiðslu fasteignagjalda (frá SUMA), ljósrit af afsali og veðbókarvottorð áður en gengið er frá samningum. Greiðslufyrirkomulag, sem og afhending eignar getur að sjálfsögðu verið samningsatriði. Þegar eign hefur verið afhent er mikilvægt að nafnabreyta þeim samningum sem fylgja eigninni, s.s. vatns- og rafmangssamningar og tilkynna eigendaskipti hjá skrifstofum SUMA, sem er eins konar gjaldheimta.

Afsalsgerð

VIÐ UNDIRRITUN KAUPSAMNINGS/AFSALS hjá notaria (lögþólkanda) þurfa öll gögn um eignina að liggja fyrir og að eignin sé skuldlaus með öllu. Ef um vafaatriði er að ræða í þeim efnum er ekki skrifað undir skjölin. Meginreglan er sú að bæði kaupandi og seljandi skuli mæta á staðinn til að skrifa undir. Ef hvor aðila um sig getur ekki mætt til undirskriftar getur hann gefið heimild (poder) til annars aðila um að skrifa undir fyrir sína hönd. Þegar skrifað hefur verið undir þessi skjöl hjá notaria er það lagt inn til skráningar. Um leið fær kaupandi ljósrit af væntanlegu afsali (copia simple). Sjálft afsalsfrumritið berst svo um sex mán-uðum síðar. Afsöl eru aldrei send í pósti á milli landa, en kaupandi getur nálgast sitt afsal hjá sínum lögfræðingi eða umsjónaraðila. Bent er á að ef kaupendur eru fleiri en einn er æskilegast að skrá þá alla.

Heimild (poder) umboð

SÖLU- EÐA KAUPAHEIMILD er hentug lausn ef sá sem undirrita skal kaupsamning hefur ekki tök á að vera viðstaddur hjá notaria þegar slíkt á sér stað. Slíkar heimildir skal undirrita hjá notaria áður. Ef ekki er hægt að gefa slíkar heimildir á Spáni þarf að útbúa slíka heimild og undirrita í viðurvist sýslumanns á Íslandi og síðan þarf utanríkisráðuneytið einnig að skrifa upp á skjalið. Áður þurfti að senda skjalið til spænska sendiráðsins í Noregi til stimplunar.

Bankareikningur

HVER SÁ ER HYGGST KAUPA HÚSNÆÐI þarf að byrja á því að opna bankareikning í banka sem hann velur sér. Ef tekið er lán vegna kaupanna er rétt að opna reikning í sama banka. Við opnun reiknings skal framvísa vegabréfi og skrifað er undir samning við bankann. Venjan er svo að allar greiðslur vegna reksturs vegna eignarinnar fari einmitt í gegnum þann banka. Þá er aðallega átt við vatn, rafmagn, tryggingar, svæðagjöld, fasteignagjöld o.þ.h. Rétt er að geta þess að sé reikningur frá t.d. síma, rafmagns- og vatnsveitu endursendur frá banka tvisvar – þrisvar í röð vegna þess að ekki var næg innistæða, þá sendir fyrirtækið næstu reikninga heim til viðskiptavinarins. til að fara með í bankann og greiða hjá gjaldkera. Athuga þarf að greiða einnig hina vangreiddu reikninga til að komast hjá lokunum. Vakin er athygli á því að með spænsku debetkorti er fyrirkomu-laginu öfugt háttáð miðað við Ísland; það er ekkert færslugjald þegar greitt er með debetkortinu í verslunum, en aftur á móti reiknast gjöld ofan á úttektir í þeim hraðbönkum sem tilheyra öðrum banka en þeim sem gefur kortið út.

Bankar

OPNUNARTÍMI banka er örlítið mismunandi eftir því hvaða banki á í hlut. Almennt eru þeir opnir frá kl. 8:30 til 14:00 mánudaga til föstudaga. Langflestir bankar eru með hraðbanka og er hentugast að notfæra sér þá, sér í lagi þar sem gjarnan eru langar biðraðir í afgreiðslunum. Einnig er bent á að ódýr leið til að kaupa gjaldkeyri er með íslenska debetkortinu í hraðbanka. Ráðlegt er að taka alltaf kvittun, jafnvel þótt bankinn kunni að vera tómur og afgreiði því ekki umbeðna peninga. Í sjálfri afgreiðslunni er vegabréfið alltaf nauðsynlegt.

Bíla kaup

SÁ SEM HYGUR Á BÍLA KAUP þarf að uppfylla eftirfarandi:

SKRÁÐUR MEÐ DVALARLEYFI (residencia).

eða

SKRÁÐUR EIGANDI FASTEIGNAR.

eða

HAFI GILDAN HÚSALEIGUSAMNING Í HÖNDUNUM.

og VERA MEÐ LÖGGILDA BÚSETUSKRÁNINGU (lögheimili/empadronamiento).

Almenna reglan er sú að kaupandi greiði kostnað af eigendaskiptum (nafnabreytingu). Sá kostnaður er mun hærri en á Íslandi, en hann er þrjúþættur. Fyrst er það umskráningar- gjald, sem er fastur kostnaður án tillits til bíls. Svo er það prósentu af verðmæti bílsins skv. viðmiðunarskrá, sem skattstofan gefur út og svo er það þóknun skrifstofunnar, sem tekur að sér þessa pappírsvinnu. Algengur kostnaður vegna þessa er gjarnan á bilinu 200 til 300 evrur.

Skattamál

HVER SÁ SEM Á EIGN á Spáni lýtur sköttum og skyldum landsins án tillits til hvort búseta hans er varanleg eða ekki.

FASTEIGNAGJÖLDIN ber fyrst er að nefna, en þau eru innheimt í september ár hvert. Er innheimtan ýmist á vegum viðkomandi ráðhúss eða SUMA skrifstofunnar, sem er eins konar gjaldheimta.

Venjulega er þessi skattur innan við eitt prósent af fasteignamati (sp. valor catastral). Er húseign hefur verið keypt er þægilegast að gefa SUMA skrifstofunni upp bankareikningsnúmer til að rukkunin fari beint til bankans, sem sér um að greiða skattinn, að því tilskyldu að nægileg innistæða sé fyrir hendi.

HÚSEIGENDUM, sem ekki eru með fasta búsetu á Spáni, ber að standa skil á sérstökum skatti (sp. impuesto sobre la renta de no residentes) að eigin frumkvæði ásamt skatt-skýrslu. Á skattskýrslunni

koma fram útreikningar á skattinum út frá fasteignamati (sp. valor catastral). Þar til fyrir stuttu síðan voru þetta tveir skattar á einni skattskýrslu. Síðan var hinn svokallaði „wealth tax“ skattur lagður af, þannig að nú er einungis um einn skatt að ræða á skattskýrslunni (nú form nr. 210 í stað forms nr. 214 sem áður var). Skýrslunni er skilað inn til banka ásamt greiðslu eða látið gjaldfæra reikninginn sinn fyrir skattinum. Í langflestum tilfellum hefur fólk fengið skrifstofur, sem aðstoða við skrifræðið, til að sjá um að koma þessu í skil. Til dæmis er frestur að skila skattinum vegna ársins 2011 til ársloka 2012. Hvatt er til þess að gera skil í tíma, þar sem annars er hætt á að þurfa að greiða álag. HÚSEIGENDUM, sem eru með fasta búsetu/lögheimili á Spáni (residents), ber að standa skil á tekjuskattskýrslu (renta) fyrir júnílok ár hvert.

HÚSSJÓÐUR (e. community fee) er innheimtur alls staðar þar sem húsfélag er til staðar í viðkomandi húsagarði eða íbúðablokk. Eins og þekkt er á Íslandi er þetta til að standa straum af hinum ýmsa sameiginlega kostnaði við rekstur húsfélagsins. Algengast er að árlegur hússjóður nemi á bilinu 200 til 600 evrum á ári. Er hann ýmist innheimtur árlega, hálfárslega eða ársfjórðungslega.

BIFREIÐAGJÖLDIN eru einnig ýmist innheimt af viðkomandi ráðhúsi eða SUMA í apríl ár hvert og nema þau gjarnan 50 til 200 evrum eftir stærð og hestaflatölu bíls.

Erfðamál

MÆLT ER MEÐ ÞVÍ AÐ GERA ERFÐASKRÁ á Spáni, þótt það sé engin skylda. Það gerir allt uppgjör til erfingja mun auðveldara í fyllingu tímans. Best er að snúa sér fyrst til einhverra af þeim skrifstofum, sem sjá um skrifræðisaðstoð. Hafa þarf meðferðis vega-bréf sitt ásamt nöfnum og fæðingardögum erfingja. Undirritunin sjálf á sér síðan stað á notaria. Þegar uppgjör á arfi kemur til þurfa erfingjar að hafa sótt um og fengið N.I.E.-númer (spænsk kennitala fyrir útlendinga).

Orðasafn (áherslan er á undirstrikuðu atkvæðunum)

Afsal Escritura

Ábyrgð (v/vöru) Garantia

Banki Banco

Bankareikningur Cuenta bancaria

Bíll Coche [kotsje]

Borga Pagar

Dvalarleyfi Residencia

Erfðaskrá Testamento de herencia

Fasteign Inmueble

Fasteignagjöld IBI – Impuestos de bienes inmuebles

Fasteignamat Valor catastral

Framvísa Presentar

Heimild (kaup/sala) Poder

Húseigandi Propietario

Húsfélag Comunidad de propietarios

Húsnæðislán (lán) Hipoteca (prestamo)

Íbúð Apartamento / piso

Kaup (kaupandi) Comprar (comprador)

Kaupsamningur Contrato de compraventa

Kennitala (f.útl.) NIE – Número de identificaciones de extranjeros

Kostnaður Gastos

Kvittun Recibo

Ljósrit Fotocopia

Lögbókandi Notaria

Lögfræðingur Abogado

Millifærsla Transferencia

Reikningur (banka-) Factura (cuenta bancaria)

Rukka Cobrar
Selja (seljandi) Vender (vendedor)
Skattur Impuesto
Skjal Documento
Skrifræði Bureaucracia
Skuld Deuda
Söluverð (uppgafið) Precio (declarado) de compraventa
Vegabréf Pasaporte
Undirrita / -un Firmar / firma
VSK IVA
Þóknun (t.d. lögfr.) Honorario

Veitingastaðir, verslanir, útimarkaðir, bankar o.þ.h.

Veitingastaðir

Almennt um veitingastaði

Á SUMRIN þegar margt er um manninn hér, yfiryllist meginþorri veitingahúsa á þessum tímum. Það er því gott að vera í fyrra falli ef það á að vera hægt að komast að. Jafnframt því, má benda á að sum veitingahús byrja ekki á að afgreiða mat fyrr en kl. 19:00 og látið ykkur ekki bregða þótt þið sitjið ein á staðnum ef þið mætið snemma kvölds.

EINS OG OFT VILL VERÐA þar sem straumur ferðamanna er mikill hafa flest veit-ingahúsin upp á nánast sama matseðilinn að bjóða. En inn á milli má finna staði sem sérhæfa sig í ákveðinni matseld, s.s. kínamat, indverskum mat o.s.frv.

FLESTALLIR VEITINGASTAÐIR bjóða upp á matseðilinn á fleiri en einu tungumáli og því ætti ekki að vera vandi að velja rétt. Hafið í huga að matseld kannski öðruvísi en Íslendingar eiga að venjast, en það þýðir ekki að veitingastaðurinn sé neitt verri fyrir bragðið. Það er alltaf gaman að prófa eitthvað nýtt.

LANGFLESTIR VEITINGASTAÐIR taka kreditkort, en þó gætu verið undantekning-ar þar á. Allur gangur er á hvort 8% virðisaukaskatturinn (iva) er innifalinn í því verði sem gefið er upp á matseðli. Í flestum tilfellum er tekið fram á matseðli hvort skatturinn er innifalinn eða ekki.

TAPAS eru spænskir smáréttir sem allir eru hvattir til að prófa. Spánverjar fá sér gjarnan tapas á milli mála. Þetta eru litlir réttir svo hægt er að prófa fleiri en einn í einu. Þetta eru m.a. sardínur, smokkfiskur, krabbi, alls kyns kjötréttir, ýmsar tegundir af salati og ostar. Best er að kíkja í tapasborðið á barnum og velja hvað maður vill prófa.

ÞJÓRFÉ er ekki skylda, en þykir sjálfsagður hlutur ef einhver er ánægður með matinn og þjónustuna. Engin ákveðin prósenturegla gildir um þetta, heldur greiðir hver það sem hann vill. Til hliðsjónar mætti hafa 10-15%. Þjórfe er þó aðeins greitt ef viðkomandi eru færðar veitingarnar á borðið en aldrei við barinn, nema sá hinn sami vilji vera sérstaklega rausnarlegur.

Verlanir

SÉRVERSLANIR eru yfirleitt opnar virka daga milli kl. 9 og 20, en hafa gjarnan lokað þegar tekin er „siesta“ á milli 14 og 17. Á laugardögum eru þessar versl-anir almennt opnar til kl. 14. Væntanlega hafa þó sumar þeirra líka opið seinni part laugardags yfir sumartímann.

STÓRMARKAÐIR eru hins vegar opnir allan daginn án lokunar um miðjan dag. Þetta á t.d. við um Alcampo, Carrefour, Consum, Eroski, Iceland, Mercadona, Super Valu, Supercor (El Corte Inglés), sem og lágvöruverðsverslanirnar Aldi, og Lidl.

Útimarkaðir

ÚTIMARKAÐI má finna alla daga vikunnar á hinum ýmsu stöðum. Yfirleitt eru þeir frá kl. 9 til 13, en þó eru einhverjir seinni partinn, þ.e. milli kl. 17 og 21. Þarna má finna nánast allt milli himins og jarðar s.s. fatnað, skó, töskur, teppi, rafmagnsdót, ýmsa matvöru (kjötálegg, ávexti og grænmeti) o.s.frv. Sjaldnast er hægt að prúttu um verð, en helst væri að reyna slíkt þegar Afríkumenn og sígaunar eiga í hlut.

MIKILVÆGT er að vera ekki með hliðartösku og seðlaveski skal ekki hafa í rassvasa, þar sem fingralangir „snillingar“ stunda þessa markaði. Best er að hafa fjármuni geymda þar sem hægt er að finna fyrir þeim.

EFTIRFARANDI daga má finna útimarkaði á þessum stöðum:

Sunnudagar Benidorm / Los Montesinos / Guardamar

Torreveja (La Marina) / Ciudad Quesada (Zuco)

Sítrónumarkaðurinn / La Murada / Albatera

Mánudagar Elche / Santa Pola / Orihuela / San Pedro del Pinatar
Þriðjudagar Altea / Alicante / Benijofar / Orihuela / San Fulgencio
Míll Palmeras (síðdegis) / Los Alcázares
Miðvikudagar Benidorm / Muchamiel / El Campello / Callosa de Segura
Algorfa / Guardamar del Segura / San Miguel de Salinas
La Mata / Santiago de la Ribera
Fimmtudagar Javea / Villajoyosa / Alicante / Gran Alacant (Urb. Sierra Mar)
Albatera / Bigastro / Rojales Torrevieja (La Marina)
Agua Marina / San Javier
Föstudagar Alfás de Pi / Finestrat / Dolores / Jacarilla / Crevillente
Los Montesinos (síðdegis) / Torrevieja
Pilar de la Horadada (síðdegis)
Laugardagar Alicante / Elche / Almoradi / Catral / Santa Pola
Playa Flamenca / Torre Pacheco

Leigubílar

LEIGUBÍLASTÖÐVAR eru í helstu bæjum á svæðinu. Allur gangur er á hvort töluð er enska þar sem svarað er í símann. Þegar pantaður er leigubíll er ekki einungis beðið um nákvæma staðsetningu þangað sem senda á bílinn, heldur er gjarnan beðið um upplýsingar hvert ferðinni er heitið. Á annatímum getur liðið tímakorn þar til leigubíllinn kemur og því borgar sig að spyrja strax að því hversu lengi von er á að þurfa að bíða.

GUARDAMAR & ROJALES

TAXI Guardamar sími 965 728 311

TAXI Rojales sími 966 715 129

TORREVIEJA

AUTO TAXI sími 965 710 578

RADIO TAXI sími 965 712 277

ORIHUELA COSTA

RADIO TAXI sími 966 761 088

7.6. Orðasafn (matvörubúðin, fiskarnir á Spáni, önnur orð og orðasambönd)

ORÐASAFN – MATVÖRUBÚÐIN

agúrkur pepinos	franskar kartöflur patatas fritas
appelsínur naranjas	freyðivín cava
appelsínusafi zumo de naranja	frosið congelado
ananas piñas	gösdrykkur gaseosa
anassafi zumo de piña	græflax salmon marinado
ávextir frutas	grænmeti verduras / vegetales
bananar platanos	grænmetissalat ensalada de verduras
baunir (grænar) guisantes (verdes)	gulrætur zanahorias
bjór cerveza	haframjöl avena
blómkál coliflor	hamborgari hamburguesa
brauð pan	hamborgarabrauð pan de hamburguesa
brjóstykur caramelos	heilhveiti harina integral
dós / dolla lata	heilhveitibrauð pan integral
edik vinagre	hnetur cacahuetes
egg huevos	hrásalat ensaladilla americana
eggaldin (ábergínur) berenjenas	hráskinka jamon curado / serrano
eplasafi zumo de manzana	hrátt crudo
epli manzanas	hrísgrjón arroz
ferskur fresco	hunang miel
ferskjur melocotónes	humar langosta
fiskur pescado	hveiti harina trigo
flaska botella	hvítkál col blanca

hvítlaukur ajo
hvítlaukkssósa allioli hvítvín vino blanco
jarðarber fresas
jógúrt yogur
jurtakrydd hierbas
7.6. Orðasafn (MATVÖRUBÚÐIN frh.)
kaffi café
kalkúnakjöt beinlaust filetes de pavo
kalkúnn pavo
kál col
kanínukjöt carne de conejo
kardimommur cardamomo
karrý curry
karrýsósa salsa de curry
kartöflur patatas
kartöflusnakk patatas fritas
kartöflumús puré de patatas
kex / smákökur galletas
kirsuber cerezas
kjúklingur beinlaus filetes de pollo
kjúklingur pollo
kjöt (hakk) carne (picada)
krabbi cangrejo
krydd (jurtakrydd) especias (hierbas)
kryddsmjör mantequilla con hierbas
konfekt bombones
kótelettur chuletas
lakkrís regaliz
lambakjöt carne de cordero
lambahakk carne picada de cordero
lambakótelettur chuletas de cordero
lambalæri pierna de cordero
laukur cebolla
lax salmon
léttmjólk leche semidesnatada
lúða halibut
majones mayonesa
mandarínur mandarinas
matarlím gelatina
matarsódi bicarbonato sodico/natron
mjólk (fersk) leche (fresca)
möndllur almendras
nautahakk carne picada de ternera
nautakjöt carne de ternera
nautalundir solomillo de ternera
nautasteik beinlaus filetes de ternera
nýmjólk (fersk) leche entera (fresca)
olía aceite
ostrur ostras
ostur queso
ólífuolía aceite de oliva
ólífur olivas / aceitunas
ólífusmjörliki margarina ligera de oliva
paprika pimiento
perur (þ.e. ávextirnir) peras
pipar pimienta
piparsósa salsa de pimienta
poppkorn palomitas
púðursykur azúcar moreno
pylsur salchichas
rasp (brauðrasp) pan rallado

rauðkál col lombarda agridulce (roja)
rauðsprettilla
rauðvín vino tinto
reyktur lax salmon ahumado
rjómaís helado
rjómi nata
rjúpa perdiz lagópedo
rófur nabos
rósavín vino rosado
rúgbrauð pan de centeno
rúsínur pasas
rækjur gambas / camarones
salt sal
sápa jabón
silungur trucha
sinnep mostaza
sítrónur limones
sjampó champú
skinka (brauðskinka) jamon (jamon york)
skötuselur rape
smjör mantequilla
smjörliki margarína
smokkfiskur calamar
soðið cocido / hervido
sólblómaolía aceite de girasol
sólblómarmjörliki margarína de girasol
sódavatn agua con gas
sósa salsa
spergilkál (broccoli) brécol
súkkulaði chocolate
súrmjólk leche fermentada / cuajada
sveppir champiñones / setas
svínahakk carne picada de cerdo
svínakjöt carne de cerdo
svínakótelettur chuletas de cerdo
svínalundir solomillo de cerdo
sykur azúcar
te té
terturtartar
tómatar tomates
tómatsósa ketchup
túnfiskur atún
undanrenna (fersk) leche desnatada (fresca)
valhnetur nueces
vatn (án kolsýru) agua (sin gas)
vínber uvas
ýsa (sjaldan fánleg) eglefino
þorskur bacalao
þúsundeyjasósa salsa mil islas
önd pato
örbylgjupopp palomitas para microondas

ORÐASAFN – FISKARNIR Á SPÁNI

Aguja / agulla (lat. *Belone belone*) er hornfiskur - af ætt trýnisfiska. Til þeirrar ættar teljast einnig flugfiskar.

Arenque (lat. *Clupea harengus*) er síld.

Atún claro / albacora (lat. *Thunnus albacares*) er guli túnfiskur.

Atún blanco / bonito del norte (lat. *Thunnus alalunga*) er hvíti túnfiskur.

Bacaladilla (lat. *Micromesistius poutassou*) er kolmunnur - af ætt þorskfiska.

Bacalao (lat. *Gadus morhua*) er þorskur; ekki endilega saltaður. Er hann gjarnan seldur frystur og útvatnaður (sp. bacalao desalado). Einnig má finna hann saltaðan (sp. bacalao salado) í kælum eða jafnvel ferskan (sp. bacalao fresco).

Besugo (lat. *Pagellus bogaraveo*) er kólgu-flekkur - af ætt borra.

Caballa (lat. *Scomber scombrus*) er makríll - af ætt borra.

Dorada (lat. *Sparus aurata*) er gullflekkur - af ætt borra.

Eglefino (lat. *Melanogrammus aeglefinus*) er spænka orðið yfir ýsu. Hins vegar hefur hún lítið sem ekkert sést í verslunum hér á Spáni. Hafi fólk hins vegar áhuga á að leita af sér allan grun er ekki verra að hafa spænka og latneska nafnið punktað niður á blað.

Emperador (lat. *Xiphias gladius*) er sverðfiskur.

Gallo (lat. *Lepidorhombus whiffiagonis*) er stórkjafur / flúra / þjalakoli - af ætt flatfiska.

Halibut / fletan (lat. *Hippoglossus hippoglossus*) er lúða. Önnur tegund, halibut negro / fletan negro (lat. *Reinhardtius hippoglossoides*) er grálúða.

Jurel (lat. *Trachurus trachurus*) er brynstirtla - af ætt borra.

Lenguado (lat. *Solea vulgaris*) er sólfúra – af ætt flatfiska.

Lubina / robaloa (lat. *Dicentrarchus labrax*) er barri / vartari - af ætt borra.

Merluza (lat. *Merluccius merluccius*) er lýsingur / kolmúli og má segja að sé „ýsa“ þeirra Spán-verja og hefur jafnvel verið ranglega þýddur sem ýsa og líka sem lýsa í sumum orðabókum. Eini skyldleiki lýsings / kolmúla við ýsu og lýsu er að allir þessir fiskar tilheyra ætt þorskfiska.

Rape (lat. *Lophius piscatorius*) er skötuselur - af ætt sem nefnist kjaftgelgjur. Aðrir fiskar af þeirri ætt eru t.d. lúsifer, surtla og sædjöfull.

Rodaballo (lat. *Psetta maxima* / *Scophthalmus maximus*) er sandhverfa – af ætt flatfiska.

Salmon (lat. *Salmo salar*) er lax eins og flestir væntanlega vita. Megnið af laxi hér á Spáni er innflutt frá Noregi og Skotlandi. Er hann til ferskur (sp. salmon fresco), reyktur (sp. salmon ahumado) og líka sem graflax (sp. salmon marinado).

Sardina (lat. *Sardina pilchardus*) þarf varla að þýða; sardína.

Solla (lat. *Pleuronectes platessa*) er rauðspretta / skarkoli.

Trucha (lat. *Oncorhynchus mykiss*) er regn-bogasilungur. Trucha asalmonada (lat. *Salmo trutta*) er hins vegar urriði.

Heimildir: www.fauna.is & www.hafro.is

ORÐASAFN – BÚSÁHALDA-, BYGGINGA-, JÁRNVÖRU- OG RAFTÆKJABÚÐIR

auðvelt fácil / sencillo

ál aluminio

baðkar bañera

baðvaskur lavabo

bakarofn horno

beyki haya

blátt (ljós- / dökk-) azul (claro / oscuro)

bleikt rosado

blöndunartæki grifo

borð mesa

brúnt marron

eik roble

eldhúsvaskur fregadero

erfitt difícil

fjólublátt violeta

flísar azulejos

gaffall tenedor

gegnsett transparente

glansandi brillante

gler cristal / vidrio

glært claro

gólf suelo

**7.6. Orðasafn (BÚSÁHALDA-,
BYGGINGA-, JÁRNVÖRU- OG
RAFTÆKJABÚÐIR frh.)**

grænt verde
gult amarillo
gúmmí goma
háflglans satinado
hilla estante
hnífur cuchillo
hnífabör cubiertos
hurð (dyr) puerta
hvítt blanco
ísskápur frigorífico / nevera
járn hierro
karmur marco
klósett aseó
kopar kobre
lakk (akrýl / olíu) esmalte (acrylico / oleo)
lakk, glært laca
lásasmiður cerrajero
litur color
lím cola
límband cinta adhesiva
ljós luz
loft (í húsi) techo
loftkæling aire acondicionado
lykill llave
læsing cerradura
(að) mála pintar
málning pintura
marmari marmol
matt mate
miðstöðvarofn radiator
múrari albañil
naglar clavos
pensill pincel
pípulagningamaður fontanero
plast plastico
pottar ollas
hvar er...? ¿donde está...?
ég finn ekki... no puedo encontrar...
geturðu sýnt mér það? ¿me lo puedes mostrar?
dýrt caro / costoso
ódyrt barato / economico
peningar dinero
einn uno (un, una) sextán dieciséis
tveir dos sautján diecisiete
þrjú tres átján dieciocho
fjórir cuatro níttján diecinueve
fimm cinco tuttugu veinte
sex seis
sjö siete
átta ocho
nú nueve
tiu diez
ellefu once
tólf doce
þrettán trece
fjórtán catorce
fimmtán quince

pönnur sarténes
rautt rojo
rúlla rollo
rör tubo
sement cemento
skápur armario
skeið cuchara
skilti cartel
skiptilykill llave inglesa
skolskál bidet
skúffa cajon
skrúfjárn destornillador
skrúfur tornillos
slanga manguera
stál (ryðfrítt) acero (inoxidable)
steinlím cemento cola
stóll silla
sturta ducha
sturtuhengi cortina de ducha
sturtuklefi cámara de ducha
stöng barra
svart negro
sög cierra
teskeið cucharita
trésmiður carpintero
uppþvottavél lavavajillas
vax cera
veggur (húsveggur) pared
veggur (garðveggur) muro
viður madera
þvottavél lavadora
örbylgjuofn microondas
ORÐASAFN – ÖNNUR ORÐ OG
ORÐASAMBÖND

skiptimynt cambio
greiðslukort tarjeta de pago
skilríki identificación
biðröð cola
galli defecto
skila vöru devolver producto

tuttugu og einn veintiuno (un, una)
tuttugu og tveir veintidos
þrjátíu treinta
þrjátíu og einn treinta y uno
þrjátíu og tveir treinta y dos
fjörutíu cuarenta
fimmtíu cincuenta
sextíu sesenta
sjötíu setenta
áttatíu ochenta
nítíu noventa
hundrað cien (ciento)
hundrað og einn ciento uno
hundrað og tveir ciento dos
hundrað fimmtíu og sex ciento cincuenta y seis
tvö hundruð doscientos
þrjú hundruð trescientos
fjögur hundruð cuatrocientos
fimm hundruð quinientos
sex hundruð seiscientos
sjö hundruð setecientos
átta hundruð ochocientos
níu hundruð novecientos
þúsund mil
þúsund og þrjár mil tres
tvö þúsund dos mil